**Nd.** **618. Breytingartillögur** [266. mál]

við frv. til l. um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá Sigurði Blöndal og Garðari Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Á eftir 9. gr. komi ný grein er verði 26. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

   Félög og einstaklingar, sem hafa skattskyldan rekstur með höndum, skulu við álagningu skatta fyrir skattárið 1975 greiða sérstakan 6% skatt er miðaður sé við hreinar rekstrartekjur, áður en fyrningar skv. 15. gr. og varasjóðsframlög skv. 17. gr. 2. mgr. hafa verið dregin frá.